Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
Kringlunni 1, 5. hæð
103 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2022
Tilv.: MRN22030167/8.3

Vísað er til erindis umboðsmanns barna dags. 23. mars 2022 þar sem óskað er eftir upplýsingum frá mennta- og barnamálaráðuneytinu um hvort fyrirhugað sé að taka upp fyrirkomulag þol- og hlaupaprófa í grunnskólum. Þá er óskað eftir því að mennta- og barnamálaráðuneytið beini þeim fyrirmælum til skóla að hverfa frá notkun slíkra prófaðferða sem samkvæmt erindinu „ganga þvert á markmið aðalnámskrár, um að styrkja sjálfsmynd barna og hvetja þau til markvissrar hreyfingar og þátttöku."

Heilbrigði og velferð er einn af grunnþáttum í skólastarfi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Heilbrigði byggir á þáttum eins og andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan – sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Með markvissri og fjölbreyttri hreyfiþjálfun í grunnskólum er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda og heilsueflingu og líkamsrækt til lífstíðar. Auk almenna hlutans í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013 fylgja níu kaflar um greinasvið grunnskólans. Einn hinna níu kafla fjallar um lykilhæfni þvert á öll greinasvið, sérstakur kafli fjallar um skólaíþróttir. Í greinasviði skólaíþrótta er fjallað um kennsluhætti og námsmat að teknu tilliti til þeirra áherslna sem birtast í hæfniviðmiðunum. Í aðalnámskránni er tekið fram að mikilvægt sé að leggja fyrir nemendur verkefni sem efla líkamlega þætti svo sem þol.

Í aðalnámskránni eru einnig sett fram matsviðmið við lok grunnskóla bæði fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Í skólaíþróttum eru sett fram þrenns konar lýsandi matsviðmið við lok grunnskóla, A,B og C, þar sem í A komi m.a. fram að nemandi geti framkvæmt mjög vel allar sundaðferðir og hafi mjög gott þol í sundi og hlaupi. Sýni mjög góðan styrk og stöðugleika í mismunandi vöðvahópum og mjög góða samhæfingu liðleika, leikni og úthald í æfingum.

Í aðalnámskránni er ekki gerð krafa um ákveðnar kennsluaðferðir eða námsmatsaðferðir og velja kennarar á grundvelli hæfniviðmiða kennsluaðferðir, námsefni og námsmatsaðferðir. Ætlast er til að hver skóli semji skólanámskrá þar sem hann gerir grein fyrir hvernig skólinn nýtir svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita, þ.m.t. með hvaða hætti námsmat fer fram. Margir íþróttakennarar kjósa að nota svokölluð píp-test til að meta þol nemenda, en það er eins og áður segir, ekki skylt samkvæmt aðalnámskrá.

Fjallað er um námsmat í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem segir m.a. að mat á árangri og framförum nemenda á að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi. Tilgangur þess er að fylgjast með hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Nánari ákvæði um námsmat er að finna í aðalnámskrá grunnskóla, eins og fram hefur komið hér að ofan og er hún nánari leiðarvísir kennara og annars starfsfólks skóla. Þar kemur m.a. fram að gengið er út frá því að allir nemendur fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið eigi að vera á forsendum hvers einstaklings. Þar kemur einnig fram að námsmat þarf, til að það teljist trúverðugt, réttlátt og heiðarlegt, að byggja á mati á framförum nemandans. Auk þess á námsmatið að taka tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra.

Ráðuneytið bendir á umfjöllun í aðalnámskrá grunnskóla þar sem segir m.a. á bls.188 „*Hætta er á að einhverjum nemendum líði illa í skólaþróttum eða geti ekki fylgt hópnum. Ástæður geta verið margar en hafa þarf hugfast að þetta eru þeir einstaklingar sem þurfa mest á hvatningu og hreyfingu að halda. Kennari þarf því að finna þessum nemendum verkefni við hæfi í kennslustundum eða í sérstökum kennslustundum þeim til stuðnings. Vel hefur gefist að bjóða nemendum sem ekki finna sig í almennum íþróttatímum, til sérstakra æfingatíma í smærri hópum sem taka tillit til getu og stöðu hvers og eins. Útgáfa hreyfiseðla í samstarfi við skólaheilsugæslu og foreldra er dæmi um leið sem gefst vel fyrir þessa nemendur* .“

Að lokum vill ráðuneytið taka fram að próf í öllum námsgreinum geta valdið kvíða og haft áhrif á líðan nemenda. Útfærsla prófanna og fyrirkomulag þeirra getur haft töluvert að segja um áhrif á líðan nemenda og ber skólum að taka tillit til þess og hafa þeir til þess svigrúm innan ramma aðalnámskrár grunnskóla og laga um grunnskóla.

Fyrir hönd ráðherra

Óskar Þór Ármannsson

Örvar Ólafsson